



262. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 1. febrúar 2018 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Þráinn Hafsteinsson, Þórey Edda Elísdóttir, Örn Andrússon, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir Garðar Svansson, Jón Finnbogason og Viðar Garðarsson.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrússon formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí skýrði frá því helsta í undirbúningi ólympískra verkefna sem framundan eru.

PyeongChang 2018

Andri Stefánsson sviðsstjóri er farinn út til PyeongChang til að koma öllu í stand fyrir komu íslenska hópsins og sækja aðgöngumiða að leikunum.

Tillaga Skíðasambands Íslands og Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí um þátttakendur Íslands á leikunum var send framkvæmdastjórn með tölvupósti til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi eru þátttakendur Íslands á leikunum:

Freydís Halla Einarsdóttir, alpagreinar kvenna – svig og stórsvig

Sturla Snær Snorrason, alpagreinar karla – svig og stórsvig

Elsa Guðrún Jónsdóttir, skíðaganga kvenna – sprettganga og/eða 10 km F (frjáls aðferð)

Snorri Einarsson, skíðaganga karla – sprettganga, 15 km F (frjáls aðferð), 30 km skiptiganga, 50 km C Mst (fjöldastart, hefðbundin aðferð)

Isak Stianson Pedersen, skíðaganga karla – sprettganga og/eða 15 km ganga F (frjáls aðferð).

Auk þess samþykkt að eftirfarandi verði í fararstjórn hópsins:

Örvar Ólafsson verkefnastjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí, aðstoðarfararstjóri

Jón Viðar Þorvaldsson, flokksstjóri

Egill Ingi Jónsson, aðalþjálfari alpagreina

Grímur Rúnarsson, aðstoðarþjálfari alpagreina

Vegard Karlström, aðalþjálfari í skíðagöngu

Dag Elevold, aðstoðarþjálfari í skíðagöngu

Oystein Anesen, aðstoðarþjálfari í skíðagöngu

María Magnúsdóttir, sjúkraþjálfari

Áður hafði framkvæmdastjórn ÍSí samþykkt að Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí verði aðalfararstjóri hópsins.

YOG, Buenos Aires 2018

Lagt fram erindi Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ þar sem lagt er til að Örvar Ólafsson verði aðalfararstjóri á Ólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires 2018. Samþykkt samhljóða.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs sviðsins fór yfir helstu verkefni sviðsins þessa stundina.

-Starfsmenn hafa undanfarið fundað með nokkrum sérsamböndum um fræðslumál og er áhugi hjá mörgum þeirra að setja aukinn kraft í þennan málaflokk í starfinu. Stefnt er að því að funda með fleiri samböndum á næstunni.

-Háskólinn í Reykjavík hyggst standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um jafnréttismál í ágústmánuði. Óskað hefur verið eftir aðkomu ÍSÍ að henni en beðið er eftir formlegri beiðni þar að lútandi.

-Fagráð sviðsins leggur til að ÍSÍ sendi fulltrúa á námskeið Alþjóðaakademíunnar fyrir stjórnendur akademía.

-Mikill tími og orka hefur farið í að vinna og senda upplýsingar til hreyfingarinnar varðandi #metoo síðustu vikunnar. Verið er að skoða alla þætti í starfi ÍSÍ er tengjast málefnum og uppfæra og bæta fræðsluefni og upplýsingar því tengdu.

Almenningsíþróttasvið ÍSÍ

Garðar Svansson formaður fagráðs sviðsins er í veikindaleyfi frá störfum ráðsins en ekki er ráðgert að skipa staðgengil í hans embætti eins og stendur.

Hafsteinn Pálsson meðlimur í fagráði sviðsins skýrði frá setningu Lífshlaupsins sem fram fór í Vættaskóla í gær. Vinnustaðakeppni verkefnisins stendur yfir til 21. febrúar nk.

Rætt um að bóka vinnufund með fulltrúum Garðabæjar vegna undirbúnings fyrir Kvinnahlaupið í lok febrúar.

3. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir stöðu reksturs ÍSÍ og lagði fram drög að fjárhagsáætlun. Nokkrar umræður urðu um málið.

4. Lottóskipting sérsambanda ÍSÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram tillögu um skiptingu lottófjár til sérsambanda ÍSÍ og skýrði flokkun sambandanna. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Ríkisstyrkur til sérsambanda

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram tillögu um skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ og skýrði flokkun sambandanna. Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Breyting á reglugerð Verkefnasjóðs ÍSÍ

Lögð fram tillaga um breytingu á síðustu grein Reglugerðar ÍSÍ um Verkefnasjóð ÍSÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða en jafnframt samþykkt að gildistaka breytinga verði 1. mars næstkomandi.

5. grein reglugerðarinnar, um skýrslugerð og niðurfellingar hljóðar svo, eftir breytingu:

„Þeir aðilar sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til Verkefnasjóðs ÍSÍ eigi síðar en 1 mánuði eftir að verkefni hefur farið fram. Hafji skýrsla ekki borist innan tilskilins tíma er sjóðsstjórn heimilt að fella styrkinn niður.

Ef greinargerð og fjárhagslegt uppgjör hefur ekki borist til ÍSÍ innan 12 mánaða frá því að styrkur var veittur, fellur styrkurinn niður.

7. #metoo

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá því helsta sem gerst hefur frá síðasta fundi. Bréf var sent út á alla íþróttahreyfinguna í gær þar sem tíundað var það sem þegar hefur verið gert og skýrt frá því sem framundan er varðandi fræðslu og leiðbeiningar til hreyfingarinnar. Stefnt er að því að halda upplýsinga- og fræðslufundi í landsfjórðungunum seinni hluta febrúar mánaðar eða í byrjun mars. Einnig er búið að bæta mikið aðgengi að fræðslufni um málefnið ÍSÍ á heimasíðu ÍSÍ. Sambandsaðilar hafa fengið sendar leiðbeinandi upplýsingar er varða málefnið og hvatningu til að nýta sér fræðslufni ÍSÍ sem þegar er til um málefnið.

8. Fulltrúi ÍSÍ í starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna #metoo

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskað eftir tilnefningu frá ÍSÍ í ofangreindan starfshóp. Leitað var rafræns samþykkis frá framkvæmdastjórn um að Ása Ólafsdóttir verði fulltrúi ÍSÍ í hópnum. Ráðuneytið var einnig upplýst um að það gæti einnig leitað til Ragnhildar Skúladóttur, sviðsstjóra Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ, um aðstoð. Starfshópurinn á að skila af sér 15. mars nk.

9. Fulltrúar ÍSÍ í norrænum vinnuhópi um gagnkvæma viðurkenningu á viðurlögum vegna hagræðingar úrslita í íþróttakeppni

Leitað var rafræns samþykkis framkvæmdastjórnar fyrir því að Líney Rut Halldórsdóttir og Birgir Sverrisson verði fulltrúar ÍSÍ í hópnum. Fyrsti fundur var haldinn 30. janúar sl. og sóttu Birgir Sverrisson og Þorvaldur Ingimundarson heildindafulltrúi KSÍ fundinn þar sem Líney Rut komst ekki til fundar.

Samþykkt að leita til Þorvaldar, sem hefur víðtæka þekkingu á málaflokknum, um að taka sæti Líneyjar Rutar í vinnuhópnum.

10. Tilnefningar í nefndir og ráð EOC

Leitað var rafræns samþykkis stjórnar um tilnefningar í nefndir og ráð EOC.

Tilnefndir voru eftirfarandi:

Lárus L. Blöndal í EOC EU Commission

Hafsteinn Pálsson í EOC Environment and Sport for All Commission

Andri Stefánsson í EYOF Commission

Niðurstaða um skipan í viðkomandi nefndir liggur líklega fyrir á vormánuðum.

Nokkrar umræður urðu um tilnefningar í nefndir og ráð erlendra samtaka.

11. Ferðasjóður íþróttafélaga

Skrifstofustjóri skýrði frá stöðu mála varðandi útreikning á styrkjum úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Skrifstofustjóra gefin heimild til að leita eftir samþykki stjórnar á úthlutun úr sjóðnum með tölvupósti ef þannig ber undir á milli funda.

12. Erindi Bocciafélags Akureyrar

ÍSÍ hefur borist erindi frá Bendikt Ólafssyni hrl, fyrir hönd Bocciafélags Akureyrar, þar sem synjun íþróttabandalags Akureyrar á umsókn félagsins um aðild að bandalaginu er skotið

til úrskurðar framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Krafa er lögð fram um tafarlausa heimild til fullrar félagsaðildar félagsins að ÍBA og þar með að ÍSÍ.
Samþykkt að vísa málinu til umsagnar laganefndar ÍSÍ.

13. Brú, lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga – samkomulag um uppgjör

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti erindi Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga um uppgjör vegna breytinga á A deild miðað við 31. maí 2017. Í september 2016 gerði Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands annars vegar og Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna með það að markmiði að samræma lífeyrisrétindi á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Fyrirliggjandi samkomulag um uppgjör samþykkt. Framkvæmdastjóra falin afgreiðsla erindisins.

14. Lyfjaeftirlit – aðild að Nordic Athlete Passport Management Unit Agreement

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ÍSÍ bjóðist að vera aðili að ofangreindu samkomulagi til tveggja ára. Lyfjaráð hefur samþykkt samkomulagið fyrir sitt leyti. Kostnaður er áætlaður um 300.000,- kr. á ári.

Aðildin samþykkt samhljóða.

15. Samningur við Icelandair

Forseti skýrði frá undirritun samnings við Icelandair um kjör á utanlandsflugi. Í samningnum er nýtt ákvæði sem skilar sérsamböndum, sem ekki eru með sér samning við Icelandair, afsláttarkjörum á samningstímabilinu.

16. Samningur við Air Iceland Connect

Samningur ÍSÍ og Air Iceland Connect er útrunninn. Nýtt samkomulag er í auglýsingu en töluverðar breytingar verða á formi afsláttar. Um verður að ræða fastan krónuafslátt fyrir einstaklinga og fastan krónuafslátt á hópafargjöldum til íþróttahreyfingarinnar.

17. Heiðranir

KSÍ – Samþykkt að sæma Jóhannes Ólafsson fráfarandi stjórnarmann KSÍ með Gullmerki ÍSÍ. Merkið verður afhent á ársþingi KSÍ.

HSH – Kristmundur Sumarliðason var sæmdur Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi HSH. Garðar Svansson afhenti merkið.

HSK – Samþykkt að sæma Fanneyju Ólafsdóttur Silfurmerki ÍSÍ og Örn Guðnason með Gullmerki ÍSÍ. Merkin verða afhent á ársþingi sambandsins í mars. Einnig samþykkt að sæma Valgerði Auðunsdóttur Heiðurskrossi ÍSÍ.

GLÍ – Samþykkt að sæma fráfarandi formann sambandsins, Ólaf Odd Sigurðsson Gullmerki ÍSÍ. Merkið verður afhent á ársþingi sambandsins 24. febrúar nk.

18. Fundargerðir:

- 260. og 261. fundur framkvæmdastjórnar
- 22. og 23. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2017
- 1. og 2. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2018
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ 11. janúar og 23. janúar 2018

- Afrekssjóður ÍSí frá 11. desember 2017, 5. janúar, 12. janúar, 22. janúar og 29. janúar 2018

Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs ÍSí fór yfir tillögur til úthlutana úr sjóðnum. Samþykkt að hefja greiðslur strax en ganga frá samningum eins fljótt og mögulegt er. Fundargerðir og úthlutanir samkvæmt fundargerðum sjóðsins samþykktar samhljóða. Bókaðar þakkir til Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí, stjórnar Afrekssjóðs ÍSí og starfsfólk Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fyrir þá miklu vinnu sem hefur verið lögð í umsóknarferli og við tillögugerð.

- Heiðursráð ÍSí frá 16. janúar 2018
- Verkefnasjóður ÍSí

Tillögur Verkefnasjóðs ÍSí að styrkjum úr sjóðnum samþykktar samhljóða.

- Fjármálaráð ÍSí

Samþykkt að framkvæmdastjórn ÍSí nýti sér heimildir um umsýslugjöld vegna sjóða sem skrifstofa ÍSí hefur umsón með. Eftirfarandi umsýslugjöld samþykkt samhljóða:

Ferðasjóður íþróttafélaga alls kr. 3 milljónir króna, Slysabótasjóður alls 5 milljónir króna og Afrekssjóður ÍSí alls 3 milljónir króna.

19. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

20. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Stefnt er að því að halda næsta fund miðvikudaginn 21. febrúar nk.

21. Önnur mál

Sleðahundaklúbbur Íslands

Sleðahundaklúbbur Íslands hefur sótt um aðild að Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands. Sleðahundaíþróttir eru ekki viðurkenndar innan ÍSí.

Erindinu frestað. Skrifstofu falið að afla frekari upplýsinga frá IOC og systursamtökum ÍSí á Norðurlöndum áður en málið verður tekið til afgreiðslu.

Íþróttamannvirkin á Laugarvatni

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhuguðum fundi Bláskógabyggðar um íþróttamannvirkin á Laugarvatni 6. febrúar nk. Sér sambönd ÍSí verða boðuð á fundinn.

RIG

Úlfur Hróbjartsson skýrði frá upplýsingum sem komu fram á ráðstefnu á Reykjavík International Games varðandi áhrif styttingu náms í menntaskólum í 3 ár á íþróttiðkun ungmenna. Nokkrar umræður urðu um málið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari